




Ofbeldi gagnvart öldruðum.

skilgreiningar og birtingarmyndir

Sigrún Ingvarsdóttir, MA félagsráðgjöf
Deildarstjóri hjá Þjónustumiðstöð
Laugardals og Háaleitis

- 
- Hvað er ofbeldi gegn öldruðum?
 - Birtingarmyndir ofbeldis gegn öldruðum?
 - Hverjir eru áhættuþættir?
 - Verða aldrei fyrir ofbeldi á Íslandi?
 - Hvers vegna að tala sérstaklega um ofbeldi gegn öldruðum?

Skilgreining á ofbeldi gegn öldruðum

- *„Ofbeldi gegn öldruðum er ýmist einstök eða endurtekin athöfn eða skortur á athöfnum af hálfu þess/þeirra aðila sem hinn aldraði ætti að geta treyst. Þetta atferli gagnvart hinum aldraða veldur honum skaða eða andlegri þjáningu. Misnotkunin getur tekið á sig ýmsar myndir: líkamlegt ofbeldi, andlegt ofbeldi, kynferðislegt ofbeldi, fjárhagsleg misnotkun eða virk/óvirk vanræksla.“*

Skilgreining aldraðra á ofbeldi gagnvart öldruðum

Þrjár víddir

- **Vanræksla – einangrun**, að vera yfirgefin og fá ekki að taka þátt í samfélaginu
- **Mismunur**: Brot á mannréttindum, lagalegum réttindum og réttindum til heilsugæslu
- **Skortur** – á vali, ákvarðanarétti, stöðu, fjármagni og virðingu


| Áhættuþættir hjá polanda | Áhættuþættir hjá geranda | Áhættuþættir í samfélagsgerð |
|---|---|--|
| Hlutfallslega fleiri konur en karlar verða fyrir ofbeldi | Kyn: karl þar sem um er að ræða líkamlegt ofbeldi en kona þar sem um er að ræða vanrækslu | Ofbeldi lærist milli kynslóða |
| Aldur: Eldri en 75 ára | Maki eða uppkominn afkomandi | Ofbeldi er viðurkennt í samfélagsgerðinni |
| Er háður öðrum: er með andlega eða líkamlega færniskerðingu | Er fjárhagslega háður polandanum | Aldursfordómar og mismunun eftir aldri í samfélaginu |
| Andleg veikindi: Þunglyndi , hegðunarfrávik | Andleg veikindi: áfengis- eða fíkniefnamisnotkun, þunglyndi | Ónógt framboð af opinberri aðstoð um leið og krafa er um að allir vinnufærir fullorðnir stundi atvinnu |
| Býr með maka/uppkomnu barni og hefur samband við fáa aðra | Félagsleg einangrun | |
| | Mikil streita og/eða gerandi er útbrunninn vegna umönnunar | |

Spurningalisti lagður fyrir

- 376 starfsmenn félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar
- svarhlutfall 60%
- spurningalisti byggður á erlendum rannsóknum og viðtölum við stjórnendur

Markmið að svara eftirfarandi spurningum:

1. Verða starfsmenn varir við ofbeldi gagnvart öldruðum ?
2. Hvernig skilgreina starfsmenn ofbeldi?
3. Hver eru viðhorf starfsmanna til að segja frá ef þeir verða varir við ofbeldi?
4. Hafa starfsmenn hlotið fræðslu um ofbeldi gegn öldruðum?



Varð vitni að
eða grunaði
ofbeldi sl. 12
mán

- 44% starfsfólks heimahjúkrunar
- 20% starfsfólks félagslegrar heimaþjónustu

Tafla 4. Fjöldi starfsmanna sem hafa unnið inni á heimilum sl. 12 mánuði, þar sem vísbendingar eru um vanrækslu

| Samanlagður fjöldi starfsmanna (N=200) | Fél. heimaþjónusta (N=136) | Heimahjúkrun (N=64) | Lýsing á aðstæðum á heimili Vísbendingar um vanrækslu |
|--|----------------------------|---------------------|---|
| 69 (35%) | 30 (22%) | 39 (60%) | Sá aldraði er með heilabilun og er skilinn eftir einn heima stærstan hluta dagsins |
| 76 (38%) | 30 (22%) | 46 (72%) | Algengt er að lítið sem ekkert matarkyns er til á heimili hins aldraða |
| 43 (22%) | 19 (14%) | 24 (38%) | Fjölskyldumeðlimur sem er að annast hinn aldraða er óhæfur til að mæta daglegum þörfum hins aldraða |
| 24 (12%) | 12 (9%) | 12 (19%) | Starfsmaður sem vinnur við að aðstoða hinn aldraða mætir ekki þörfum hans um daglega umönnun |

Tafla 1. Fjöldi starfsmanna sem hefur á sl. 12 mánuðum unnið á heimili þar sem eru vísbendingar um fjárhagslega misnotkun

| Samanlagður fjöldi starfsmanna (N=200) | Fél. heimaþjónusta (N=136) | Heimahjúkrun (N=64) | Lýsing á aðstæðum á heimili Vísbindingar um fjárhagslega misnotkun |
|---|-----------------------------------|----------------------------|---|
| 21 (11%) | 12 (9%) | 9 (14%) | Tekjur hins aldraða fara í að fjármagna neyslu annars fjölskyldumeðlims |
| 23 (12%) | 11 (8%) | 12 (19%) | Hinn aldraði er að því er virðist í óútskýranlegum fjárhagserfiðleikum |
| 14 (7%) | 8 (6%) | 6 (9%) | Fjölskyldumeðlimur sem annast hinn aldraða eyðir tekjum hans í sjálfan sig á kostnað þarfa hins aldraða |
| 20 (10%) | 12 (9%) | 8 (13%) | Fjölskyldumeðlimur er árásargjarn við hinn aldraða í orðum og/eða athöfnum |
| 1 (0.5%) | 0 (0%) | 1 (2%) | Starfsmaður, sem vinnur við að aðstoða hinn aldraða, stelar tekjum eða eignum hins aldraða |

Tafla 1. Fjöldi starfsmanna sem hefur á sl. 12 mánuðum unnið á heimili þar sem eru vísbendingar um andlegt ofbeldi .

| Samanlagður fjöldi starfsmanna N=200 | Fél. heimaþjónusta (N=136) | Heimahjúkrun (N=64) | Lýsing á aðstæðum á heimili Vísbendingar um andlegt ofbeldi |
|---|---|--------------------------------|---|
| 19 (10%) | 9 (7%) | 10 (16%) | Hinn aldraði býr með fullorðnum einstaklingi sem sýnir ögrandi hegðun |
| 32 (16%) | 14 (10%) | 18 (28%) | Sá aldraði býr á heimili þar sem óhófleg neysla áfengis eða fíkniefna fer fram |
| 23 (12%) | 13 (10%) | 10 (16%) | Sá aldraði hefur áhyggjur af ögrandi hegðun uppkomins barns síns |
| 61 (31%) | 30 (22%) | 31 (48%) | Ættingi er reiður yfir því að þurfa að aðstoða hinn aldraða |
| 47 (24%) | 23 (17%) | 24 (38%) | Fjölskyldumeðlimur sem annast hinn aldraða á við eigin persónuleg vandamál að stríða s.s. áfengisvanda, fjárhagsvanda, geðrænan vanda |
| 12 (6%) | 7 (5%) | 5 (8%) | Fjölskyldumeðlimur virðist reyna að koma í veg fyrir að hinn aldraði tali við eða njóti samvista við aðra. |
| 13 (7%) | 6 (4%) | 7 (11%) | Starfsmaður sem vinnur við að aðstoða hinn aldraða er árásargjarn við hinn aldraða í orðum og/eða athöfnum |



Hvernig skilgreinir
starfsfólk ofbeldi
gegn öldruðum

- *Flestir virðast telja líkamlegt og andlegt ofbeldi vera birtingarmyndir*
- *25% virðast hvorki telja vanrækslu né fjárhagslega misnotkun vera birtingarmynd*
- *50-65% virðast telja brot á réttindum (misrétti eftir aldri) vera ofbeldi gegn öldruðum*



Niðurstöður

- Ofbeldi gegn öldruðum fyrirfinnst í Reykjavík
- Stór hluti starfsmanna í heimaþjónustu verður var við ofbeldi gegn öldruðum
- Það er afar mikilvægt að starfsmenn og þá sérstaklega þeir sem aðstoða veikasta hópinn
 - séu vel þjáfaðir til að þekkja einkenni og viti hvernig á að fyrirbyggja ofbeldi
 - fái skýrar leiðbeiningar og stuðning til að fyrirbyggja eða bregðast við ofbeldi gagnvart öldruðum.
- Frekari rannsóknar er þörf, t.d. um tíðni og eðli ofbeldis gegn öldruðum hér á landi
- Bæta þarf þjónustu til veikasta hópsins og þá sérstaklega til þeirra sem standa höllum fæti félagslega

Rannsókn á ofbeldi gegn konum RBF-2010

- 24% kvenna á aldrinum 25-64 hafði orðið fyrir ofbeldi eftir 16 ára aldur.
- 17% kvenna á aldrinum 18-24 ára
- 11% kvenna á aldrinum 65-80 ára

Orðið fyrir ofbeldi sl. 12 mánuði frá hendi maka eða kærasta

- 1,7% kvenna á aldrinum 25-44 ára
- 0,4% kvenna á aldrinum 45-64 ára
- 0,4% kvenna á aldrinum 65-80 ára

Ofbeldi í samböndum skv. RAI-Hc

- 341 Virk RAI-hc mót sem gerð voru á tímabilinu 21 jan 2013-21 jan 2014.
- 9 flagga mögulegri misbeitingu (2,6%)
- 1 mælist ekki með þunglyndi en hinir á með 3-7 á þunglyndiskvarðanum.
- 1 mælist ekki með vitræna skerðingu en hinir með 1-3 á vitræna kvarðanum
- verkir, óstöðugleiki í heilsufari, hætta á langtímavistun

Afleiðingar ofbeldisins

- Eldra fólk er oft líkamlega veikara fyrir, t.d. er fólk brothættara og beinbrot lengur að gróa
- Tekjur oft litlar og því má eldra fólk oft við svo litlu til að endar nái ekki saman
- Ef eldra fólk er þegar orðið einangrað, þá er það viðkvæmara fyrir svindli, þ.e. það verður háð svindlaranum
- Þegar heilsa versnar þá verður fólki hættara við að missa sjálfstraust og andlegt ofbeldi eykur enn líkur á óöryggi og kvíða

- Eldri borgarar eru tæp 11% þjóðarinnar núna en stefnir í 20% eftir 2040
- Tíðni ofbeldis gegn öldruðum í heimahúsi skv. erlendum rannsóknum um 4-6% af fólki 65 ára og eldra. Tíðni hækkar með hækkandi aldri og versnandi heilsu
- Talið að starfsfólk í heilbrigðis- og félagsþjónustu sé í lykilaðstöðu til að greina ofbeldi gegn öldruðum
- Aldraðir leita sér síður hjálpar?

